

# ÁRSSKÝRSLA 2007



© UMHVERFISSTOFNUN 2008

Ritstjórn og umbrot: Einar Guðmann

Hönnun skýrslu: Gutenberg

Ljósmyndir: Brynjar Ágústsson, Einar Guðmann, Gyða Henningsdóttir, Jón Ásgeir Hreinnsson.

Ljósmynd á forsíðu er af jarðvegi við Dettifoss: Einar Guðmann

Prentun: GuðjónÓ - vistvæn prentsmiðja

Apríl 2008



# UMHVERFISSTOFNUN

## ÁRSSKÝRSLA 2007

### EFNISYFIRLIT

FRÁ FORSTJÓRA .....	4
<b>HLUTVERK OG UPPBYGGING UMHVERFISSTOFNUNAR</b> .....	<b>6</b>
SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR 2007 .....	6
ENDURSKOÐUN UMHVERFISSTOFNUNAR .....	7
FRAMTÍÐARSÝN UMHVERFISSTOFNUNAR .....	7
TIL ÁRSINS 2014 .....	7
GILDI UMHVERFISSTOFNUNAR .....	7
SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR 2008 .....	7
<b>STARFSMANNAMÁL</b> .....	<b>9</b>
<b>FJÁRMÁL OG REKSTUR</b> .....	<b>10</b>
<b>VIÐBURÐIR OG VERKEFNI ÁRSINS 2007</b> .....	<b>12</b>
ÁTAK UM HREINT NEYSLUVATN .....	12
NÝ UPPLÝSINGASÍÐA UM REACH .....	12
LOFTGÆÐI .....	12
SÆLGÆTI OG SMÁHLUTIR GETA VALDIÐ KÖFNUN .....	13
STRAND WILSON MUUGA OG HREINSUNARAÐGERÐIR .....	14
GLJÚFRASTOFA .....	15
REGLUGERÐIR ER VARÐA TAKMARKANIR Á NOTKUN EFNA .....	15
FYRIRKOMULAG RJÚPNAVEIÐA HAUSTIÐ 2007 .....	16
UMHVERFISÞING .....	16
EFTIRLIT MEÐ MATVÆLUM .....	16
BÓKASAFN UMHVERFISSTOFNUNAR .....	17
VÍFILSTAÐAVATN FRIDLÝST .....	17
SKAFTAFELLSPJÓÐGARÐUR 40 ÁRA Á ÁRINU .....	18
VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR .....	18
ÚTGÁFA BÓKARINNAR VEIÐAR Á VILTUM FUGLUM OG SPENDÝRUM .....	19
HREINDÝR .....	20
RAFRÆN PRÓF FYRIR VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ .....	20
VEIÐIÁTAK Á MINK 2007-2009 .....	20
TUTTUGU ÁRA AFMÆLI MONTREAL-BÓKUNARINNAR .....	21
LOSUNARHEIMILDIR .....	22
<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>23</b>
GREINAR .....	23
FYRIRLESTRAR .....	23
NÁMSKEIÐ SEM UMHVERFISSTOFNUN SÁ UM EÐA ÁTTI HLUT AÐ .....	23
ÚTGEFIÐ EFNI .....	24
AUGLÝSINGAR OG REGLUGERÐIR .....	24
GJALDSKRÁR ÚTGEFNAR AF UMHVERFISRÁÐUNEYTIMU .....	25
STARFSMENN UMHVERFISSTOFNUNAR .....	27

## FRÁ FORSTJÓRA

Fimmta starfsár Umhverfisstofnunar einkenndist af miklum breytingum. Nýr forstjóri tók til starfa, verkefni á sviði matvælamála og náttúruverndar hurfu frá stofnuninni, unnið var að stefnumótun og nýrri framtíðarsýn stofnunarinnar og gildistaka nýs skipurits undirbúin.

Í byrjun apríl lét Davíð Egilson forstjóri af störfum og frá sama tíma tók Ellý Katrín Guðmundsdóttir við starfinu en hún lét af störfum um miðjan febrúar 2008.

Hafin var umfangsmikil vinna við endurskoðun á skipulagi og stefnumótun Umhverfisstofnunar sem var unnin með breiðum hópi starfsmanna. Í þessari vinnu leitaðist Umhverfisstofnun við að bregðast við þeim athugasemdum sem komu fram í stjórnsýsluúttektum er fram fóru á árinu 2006. Jafnframt var lögð mikil áhersla á að fá hagsmunaaðila með í vinnuna og skapa þannig öflugt bakland fyrir Umhverfisstofnun. Í því sambandi var farið í að búa til sviðsmyndir sem lýsa mikilvægustu óvissupáttum í starfsumhverfi stofnunarinnar og þróun þeirra í framtíðinni. Umhverfisstofnun mun kynna niðurstöðu þessarar vinnu nánar á vormánuðum 2008.

Umhverfisstofnunar bíða mörg stór verkefni á komandi árum, svo sem á sviði loftslagsmála, vatnsgæða, vinnu við að bæta framkvæmd á friðlýstum svæðum og í úrgangsmálum. Í greiningarvinnu ársins 2007 kom fram mikil þörf á að stofnunin kæmi meira að fræðslu og miðlun upplýsinga um umhverfismál. Þessi þáttur mun vaxa og fá aukið vægi í starfsemi stofnunarinnar. Í sviðsmyndavinnunni kom einnig fram að stofnunin þyrfti að skerpa á kjarnastarfsemi sinni. Þær áherslubreytingar endurspeglast í nýju skipuriti sem tók gildi hjá stofnuninni 1. janúar 2008. Þessum breytingum er ætlað að gera allt starf Umhverfisstofnunar markvissara og skilvirkara.

Miklar væntingar eru bundnar við stofnunina og er mikilvægt að hún fái tækifæri til að styrkja innviði sína og vaxa til að geta staðið undir þeim væntingum. Í því sambandi tel ég mikilvægt að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið við endurskoðun á stofnuninni. Innleiðing á nýju skipulagi tekur tíma en mikilvægt er að tryggja að það breytingarferli sem unnið hefur verið að á síðasta ári skili þeim árangri sem að er stefnt.

Á árinu voru samþykkt tvenn lög sem höfðu breytingar í för með sér á starfsemi Umhverfisstofnunar. Fyrst ber að nefna að samþykkt voru á Alþingi vorið 2007



Kristín Linda Árnadóttir tók við sem forstjóri Umhverfisstofnunar 18. febrúar 2008.

lög um Vatnajökulsþjóðgarð en unnið er að því að þjóðgarðurinn verði stofnaður á vormánuðum. Með stofnun hans færast þjóðgarðurinn í Skaftafelli og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum undir hinn nýja þjóðgarð. Hefur þessi færsla talsverð áhrif á stofnunina í heild en eftir breytinguna fellur aðeins einn þjóðgarður undir hana, Snæfellsjökulsþjóðgarður, í stað þriggja áður. Umhverfisstofnun sér fram á gott samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð. Við myndun nýrrar ríkisstjórnar vorið 2007 var jafnframt tilkynnt um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Um áramótin var matvælasvið Umhverfisstofnunar sameinað matvælaeftirlitssviði Fiskistofu og Landbúnaðarstofnunar og heitir hin nýja stofnun Matvælastofnun. Umhverfisstofnun studdi að matvælamál yrðu sameinuð á einum stað og óskar hinni

nýju stofnun velfarnaðar og þakkar um leið starfsfólki matvælasviðs fyrir gott og ánægjulegt samstarf.


Umhverfisstofnun hefur víðtæku hlutverki að gegna og snerta málefni hennar íbúa og flest fyrirtæki landsins. Í skýrslu utanríkisráðherra sem nefnist „Ísland á innri markaði Evrópu“ kemur fram að á undanförunum árum hefur vægi umhverfismála aukist í Evrópusambandinu. Mikið af nýrri löggjöf á sviði umhverfismála hefur litið dagsins ljós á síðustu misserum og stór hluti af henni verið tekinn upp hér á landi á grunni EES-samningsins. Jafnframt að innleiðing umhverfisreglna hér á landi og framkvæmd þeirra getur oft verið kostnaðarsöm og að því sé virk og öflug hagsmunagæsla og vöktun mikilvæg hvað varðar umhverfismálin, sem og samráð við hagsmunaaðila. Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið að málaflókkurinn kalli á árverkni og öfluga hagsmunagæslu af hálfu stjórnvalda og telur að til framtíðar verði stofnunin

að auka vinnu sína á þeim vettvangi enda fellur meginhluti þeirra gerða sem falla undir umhverfiskafla EES-samningsins undir starfssvið stofnunarinnar.

Árskýrslan er ekki tæmandi upptalning á starfsemi stofnunarinnar en gefur vonandi góða sýn yfir helstu verkefni og þann árangur sem náðst hefur á árinu. Ég vil að lokum fyrir hönd stofnunarinnar þakka þeim Davíð Egilson, og Ellý Katrínu Guðmundsdóttur, fyrrverandi forstjórum stofnunarinnar fyrir þeirra góðu og miklu vinnu í þágu Umhverfisstofnunar og óska þeim velfarnaðar í nýjum störfum.

mars 2008

Kristín Linda Árnadóttir



# HLUTVERK OG UPPBYGGING UMHVÆRFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneytið.

Umhverfisstofnun sinnir verkefnum sínum með:

- **Söfnun og miðlun upplýsinga um umhverfismál**
- **Ráðgjöf til stjórnvalda um lagasetningu og reglugerðir**
- **Ráðgjöf til annarra opinberra aðila, sveitarfélaga og fyrirtækja**
- **Eftirliti og leyfisveitingum**
- **Umsögnum um mat á umhverfisáhrifum, skipulag o.fl.**

## SKIPURIT OG VIÐFANGSEFNI Á ÁRINU 2007

Sviðaskiptingu var ætlað að endurspegla meginlínur í verkefnum. Innan sviða hafa starfað fageiningar um einstök málafni en sumar þeirra ganga þvert á nokkur eða öll svið stofnunarinnar. Á árinu 2007 var farið út í víðtæka endurskoðun á starfsemi stofnunarinnar sem tók mið af því að fyrirhugaðar breytingar tækju gildi um áramót. Starfsemi Umhverfisstofnunar á árinu 2007 skiptist í eftirfarandi svið:

**Fjárhags- og rekstrarsvið:** Fjármála- og eignaumsýsla, starfsmannahald, fræðslumál, gæðamál og almennur rekstur stofnunarinnar. Fjárhags- og rekstrarsvið var stoðsvið við önnur svið stofnunarinnar.  
Forstöðumaður: Atli Þór Þorvaldsson.

**Framkvæmda- og eftirlitssvið:** Ráðgjöf og framfylgd laga og reglugerða á sviði mengunarvarna, efnavöru, hollustuhátta og náttúruverndar. Viðbrögð við bráðamengun. Umsjón með umhverfsvöktun.  
Forstöðumaður: Helgi Jensson.

**Matvælasvið:** Reglugerðir, leyfisveitingar, forvarnir, fræðsla og eftirlit á sviði matvæla og erfðabreyttra lífvera.  
Forstöðumaður: Elín Guðmundsdóttir.

**Náttúruverndar- og útivistarsvið:** Undirbúningur og framkvæmd friðlýsinga, rekstur þjóðgarða og friðlýstra svæða.  
Forstöðumaður: Hjalti Guðmundsson.


**Stjórnsýslusvið:** Reglugerðir, umsagnir, útgáfa starfsleyfa og annarra leyfa á sviði dýraverndar, efna og efnavöru, mengunarvarna og náttúruverndar.  
Forstöðumaður: Sigurbjörg Gísladóttir.

**Veidistjórnunarsvið:** Yfirumsjón með fuglaveiðum og veiðum á landspendýrum á Íslandi. Útgáfa veiðikorta.  
Forstöðumaður: Áki Á. Jónsson.

**Skrifstofa forstjóra:** Þverfagleg verkefni um lögfræðimál, kynningar- og fræðslumál og skil upplýsinga vegna erlendra samninga.

Ofangreind skipting starfssviða var í gildi fram að áramótum og tók þá við nýtt skipurit eftir endurskoðun sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

## SKIPURIT UMHVÆRFISSTOFNUNAR 2007



## ENDURSKOÐUN UMHVERFISSTOFNUNAR

Árið 2006 voru fóru fram tvær stjórnýsluúttektir á Umhverfisstofnun. Annars vegar á vegum Ríkisendurskoðunar (nóv. 2006) og hins vegar á vegum Stjórnháttá ehf að beiðni umhverfisráðuneytisins síðar sama ár.

Í fyrrnefndum úttektum var lögð til víðtæk endurskoðun á starfsemi stofnunarinnar með það að markmiði að skerpa á stefnu stofnunarinnar og stjórnun, forgangsröðun fjármagns og vinnu, aukinni samþættingu og betri skilgreiningu á verkefnum stofnunarinnar og fjármögnun þeirra í samvinnu við umhverfisráðuneytið.

Vinna við endurskoðun og stefnumótun Umhverfisstofnunar hófst í maí 2007 með breiðum hópi starfsmanna, samstarfsaðila og hagsmunaaðila. Byrjað var á að vinna með stjórnendum og öðrum starfsmönnum stofnunarinnar þar sem meginþættir og áherslusvið stofnunarinnar voru greind. Vinnan var síðan færð út úr húsi og í gegnum sviðsmyndaáðferð voru skoðaðir helstu þættir í starfsumhverfi Umhverfisstofnunar sem gætu haft veruleg áhrif á framtíðarþróun stofnunarinnar. Þessi aðferðarfræði styðst bæði við hefðbundnar greiningaraðferðir og hópinnufundi þar sem fjöldi aðila gefst kostur á að taka þátt í stefnumótunarvinnunni. Haldnir voru 5 hópfundir á tímabilinu júní til október með þátttöku starfsmanna Umhverfisstofnunar og utanaðkomandi hagsmunaaðila.

Ráðgjafafyrirtækið Netspor var fengið til að annast ráðgjöf og faglega verkstýringu við stefnumótunarvinnuna.

Með hliðsjón af fyrrnefndum stjórnýsluúttektum og þeim skilaboðum sem fengust í gegnum endurskoðunarvinnu stofnunarinnar með starfsfólki og hagsmunaaðilum var mótuð ný stefna og skipurit fyrir Umhverfisstofnun sem tók gildi 1. janúar 2008.

## FRAMTÍÐARSÝN UMHVERFISSTOFNUNAR TIL ÁRSINS 2014

- Íbúar landsins séu virkir á öllum sviðum umhverfismála og taki virkan þátt í umræðum og athöfnum á því sviði
- Landsmenn séu meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart landinu og því umhverfi sem við lifum og hrærumst í
- Íslendingar taki ábyrga afstöðu í loftslagsmálum og verði í hópnum fremstu þjóða á því sviði
- Vöruval neytenda stjórnist að miklu leyti af umhverfisáhrifum varanna
- Minni myndun úrgangs ásamt mikilli endurvinnslu og endurnýtingu hans hafi stuðlað að helmingsminnkun úrgangs til förgunar

## GILDI UMHVERFISSTOFNUNAR

Í öllu starfi sínu mun Umhverfisstofnun leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- **Fagmennska** – tekið sé á málefnum sem berast stofnuninni af yfirgripsmikilli þekkingu og með faglegum hætti
- **Traust** – stofnunin njóti trausts meðal fyrirtækja, almennings og stjórnmalamanna
- **Ábyrgð** – stofnunin er ábyrgur aðili í verndun náttúrunnar og stuðlar að heilsusamlegu umhverfi landsmanna

## SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR 2008

### SKIPULAG


Nýtt skipulag Umhverfisstofnunar byggir á tveimur kjarnasviðum og þremur stoðsviðum.

Kjarnasviðin eru:

**Svið náttúruauðlinda**  
**Svið umhverfisgæða**

Stoðsviðin þrjú eru:

**Svið fræðslu og upplýsinga**  
**Svið laga og stjórnýslu**  
**Svið fjármála og rekstrar**



## SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

Sviðið mun starfa í tveimur deildum sem fjalla annars vegar um náttúruvernd og hins vegar um lífríki og veiðistjórnun.

## DEILD NÁTTÚRUVERNÐAR

sinnir verkefnum sem varða:

- Undirbúningur friðlýsinga
- Rekstur friðlýstra svæða
- Náttúruminjaskrá
- Náttúruverndaráætlun
- Mat á umhverfisáhrifum, skipulagi o.fl.

## DEILD LÍFRÍKIS- OG VEIÐISTJÓRNUNAR

sinnir verkefnum sem varða:

- Veiðistjórnun
- Framkvæmd dýraverndarlaga
- Lífríkismál
- Erfðabreyttar lífverur

## SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

Sviðið mun starfa í tveimur deildum sem fjalla annars vegar um hollustuvernd og hins vegar um umhverfisvernd.

## DEILD HOLLUSTUVERNÐAR

sinnir verkefnum sem varða:

- Hollustuhætti og öryggismál
- Efni og efnavörur
- Hljóðvist
- Úrgangsmál
- Umhverfismerki

## DEILD UMHVERFISVERNÐAR

sinnir verkefnum sem varða:

- Loftslagsbreytingar, loftgæði og ósonlagið
- Vatnsgæði
- Verndun hafs og stranda
- Jarðvegsvornd
- Starfsleyfi og eftirlit

## STOÐSVIÐ:

Stoðsvið Umhverfisstofnunar eru þrjú.

## SVIÐ FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGA

sinnir verkefnum sem varða:

- Gagnagrunna
- Vefi
- Útgáfumál
- Bókasafn
- Skýrslugjöf
- Umhverfisvísa
- Námskeið, fræðslufundi og ráðstefnur



Frá stefnumótunarvinnu á árinu 2007

Gagnagrunnar stofnunarinnar munu verða endurskipulagðir og samræmingu komið á í utanumhaldi og vinnslu þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á að endurskoða kynningar- og fræðslustarf á grundvelli markhópagreiningar. Sviðinu er sömuleiðis ætlað að taka frumkvæði í upplýsingagjöf og umræðu í þjóðfélaginu.

## SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

sinnir verkefnum sem varða:

- EES samninginn
- Reglugerðir
- Alþjóðasamninga
- Þingmál
- Lögfræðilegar álitserðir
- Umsagnir um kærsmål
- Samningagerð

## SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

sinnir verkefnum sem varða:

- Fjármál stofnunarinnar
- Bókhald
- Eignaumsýslu
- Kostnaðarmat
- Innkaup
- Skjalavörslu
- Ritarþjónustu, símsvörun og móttöku

Meðal verkefna sviðsins verður að tryggja stofnuninni fjárhagslegan grundvöll og aukið sjálfstæði í ljósi vaxandi starfsemi og breytinga á starfsumhverfi. Í því sambandi verður farið út í endurskoðun gjaldskrár og afmörkun sértekna.

## MANNAUÐUR OG SÉRVERKEFNI

Beint undir forstjóra starfa starfsmannastjóri og ráðgjafi í sérverkefnum. Þetta starfssvið hefur hlotið nafnið Mannauður og sérverkefni. Meðal verkefna þess verða:

- Mannauður og þróun
- Tryggja að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir hæfasta fólkið
- Endurskoða verkaskiptingu í ljósi nýs skipulags
- Úttekt á verkefnum, starfsumhverfi og aðstöðu starfsfólks
- Mótun stefnu um sí- og endurmenntun starfsmanna
- Val sérverkefna fyrir stofnunina



## STARFSMANNAMÁL

Árið 2007 var tími breytinga hjá Umhverfisstofnun og þar af leiðandi viðburðaríkt ár í starfsmannamálum. Hluti breytinganna áttu sér stoð í lögum en aðrar voru afleiðingar stjórnsýsluúttekta frá árinu 2006.

Í ársbyrjun 2007 flutti starfsemi rannsóknarstofu Umhverfisstofnunar til Matís ohf. Sá flutningur átti sér stoð í lögum nr. 68/2006 um stofnun Matvælarannsóknna hf. Frá þeim tíma voru 14 störf lögð niður hjá Umhverfisstofnun og starfsemi rannsóknarstofu sem stofnunin hafði rekið í Ármúla 1a var lögð niður. Í mars 2007 voru lög 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð samþykkt á Alþingi. Skaftafellspjóðgarður og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verða hluti af hinum nýja þjóðgarði og er kveðið á um í lögum að starfsmenn sem staðsettir eru í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum skuli „...eiga forgangsrétt til starfa í Vatnajökulsþjóðgarði á fyrsta starfsári þjóðgarðsins...“.

Á árinu 2007 höfðu störfin ekki verið flutt frá Umhverfisstofnun en af hálfu stofnunarinnar hófst undirbúningsferli við flutning þeirra starfsmanna sem málið varðar. Í október voru svo lög nr. 109/2007 um sameiningu ráðuneyta og tilfærslu verkefna samþykkt, en í þeim er m.a. kveðið á um að starfsemi matvælasviðs verði flutt frá Umhverfisstofnun til nýrrar stofnunar sem fékk heitið Matvælastofnun. Síðasti dagur ársins var því síðasti vinnudagur starfsfólks matvælasviðs sem voru 9 talsins hjá Umhverfisstofnun.

Í byrjun apríl lét Davíð Egilson forstjóri af störfum en hann hafði gegnt starfinu frá því Umhverfisstofnun var sett á laggirnar árið 2003. Ellý Katrín Guðmundsdóttir tók við starfi forstjóra frá sama tíma. Í desember tilkynnti hún að hún hygðist láta af störfum í ársbyrjun 2008. Sú vinna, sem unnin var í kjölfar stefnumótunarvinnu og breytingar á skipuriti stofnunarinnar, eins og sagt er frá í inngangi ársskýrslu, hélt þó áfram.

Nýrra stjórnenda, auk þeirra stjórnenda sem ráðnir voru eftir nýju skipuriti, beið ærið verkefni við endurskipulagningu stofnunar, húsnæðis og starfslýsinga. Sú vinna fór að mestu fram undir lok ársins. Með þetta í farteskinu inn í nýtt ár verður lögð áhersla á eflingu liðsheildar, endurskoðun stofnanasamninga, fræðslumál og undirbúning við endurskoðun starfsmannastefnu Umhverfisstofnunar.





## FJÁRMÁL OG REKSTUR


Heildarvelta Umhverfisstofnunar miðað við uppgjör fyrir árið 2007 er um 942,5 mkr. Þar af eru sértekjur um 162 mkr, ríkistekjur um 10,7 mkr og markaðar tekjur um 113,9 mkr. Nokkrar breytingar hafa orðið frá fyrri árum vegna þess að rannsóknarstofa Umhverfisstofnunar fór frá stofnuninni og er nú hluti af Matís. Við það breyttist samsetning tekna og gjalda nokkuð. Enn frekari breytingar verða síðan á árinu 2008 þar sem matvælasvið stofnunarinnar er nú hluti af Matvælastofnun og þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum renna inn í nýja stofnun, Vatnajökulsþjóðgarð.

Þegar litið er til skiptingar gjalda hjá stofnuninni er launakostnaður langstærsti gjaldaliðurinn eða um 46%. Aðkeypt þjónusta er um 17% og húsnæðiskostnaður um 13%. Tilfærslur til annara aðila eru m.a. arðgreiðslur til landeigenda vegna hreindýraveiða, endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða auk annarra greiðslna sem nema 14% útgjalda. Áætlaður afgangur af rekstri stofnunarinnar eru 13,1 mkr í árslok 2007.


Þess ber að geta að tölur sýna ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar því að inni í þeim eru gegnumstreymissjóðir sem ekki er búið að ráðstafa. Auk þess eru meðtaldar fjárveitingar vegna verkefna sem framkvæma á eftir áramót. Eiginfjárstaða stofnunarinnar var jákvæð í árslok og stofnuninni hefur tekist að vinna upp halla síðustu ára.

Meðfylgjandi er skífurit sem sýnir skiptingu heildargjalda árið 2007 greinda á rekstrarliði og súlurit sem sýnir heildargjöld stofnunarinnar 2003-2007 á verðlagi hvers árs.

**Heildargjöld Umhverfisstofnunar 2007 greind á rekstrarliði**



**Heildargjöld Umhverfisstofnunar árin 2003-2007**  
(Á verðlagi hvers árs)





## REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2007

(BRÁÐABIRGÐARTÖLUR)

TEKJUR:	(þús. kr.)	2007	2006
Sértekjur		161.571	235.760
Markaðar tekjur		113.906	93.671
Aðrar rekstrartekjur		10.656	11.620
<b>Tekjur samtals</b>		<b>286.133</b>	<b>341.051</b>

### GJÖLD:

Launagjöld og launatengd laun		422.064	457.568
Ferða- og fundarkostnaður		55.764	63.877
Rekstrarvörur		22.677	27.253
Aðkeypt þjónusta		156.770	129.503
Húsnæðiskostnaður		114.192	116.246
Bífreiðakostnaður		7.693	6.323
Tilfærslur		131.672	103.982
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>910.832</b>	<b>904.752</b>

Eignakaup		13.557	7.641
<b>Gjöld samtals</b>		<b>924.389</b>	<b>912.393</b>
Fjármagnsgjöld		5.038	2.119
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild</b>		<b>(643.294)</b>	<b>(573.461)</b>
Framlag ríkissjóðs		656.400	598.700
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>		<b>13.106</b>	<b>25.239</b>

### Höfuðstóll í árslok

Fjárheimild flutt frá fyrra ári		36.686	11.447
<b>Fjárheimild flutt yfir á næsta ár</b>		<b>49.792</b>	<b>36.686</b>

Þess ber að geta að uppgjör rekstrarreiknings fyrir árið 2007 eins og það er fram sett sýnir ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu Umhverfisstofnunar. Sjá skýringar í texta.

## VIÐBURÐIR OG VERKEFNI ÁRSINS 2007

### ÁTAK UM HREINT NEYSLUVATN

Átaki um hreint neysluvatn, sem Umhverfisstofnun stóð að í náinni samvinnu við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og fleiri aðila, lauk á árinu með útgáfu skýrslu. Átakið hófst um áramótin 2001 og 2002, en hálfu ári áður gaf umhverfisráðuneytið út nýja reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn sem varð aðalhvatin að átakinu. Markmið átaksins var að fylgja eftir því markmiði reglugerðarinnar „...að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint“. Markmið átaksins var nánar skilgreint svo:

- Fræða eigendur og eftirlitsaðila um gerð og frágang vatnsbóla
- Bæta vatnsból í landinu til að fá hreinna og öruggara neysluvatn
- Skrá öll starfsleyfisskyld vatnsból í landinu
- Einfalda og samræma eftirlit, skráningar og skýrslugerðir

Það er mat þeirra sem stóðu að átakinu að það hafi í heild borið góðan árangur. Í byrjun árs 2002 voru 114 vatnsveitur skráðar með starfsleyfi á landinu, en 1. desember 2006 voru þær orðnar 707. Færa má rök fyrir því að framkvæmd átaksins hafi með beinum og óbeinum hætti aukið umræðu og meðvitund í þjóðfélaginu um mikilvægi hreins og öruggs neysluvatns. Eigendur vatnsveitna hafa ráðist í endurbætur eða slegið saman í gerð nýrra vatnsveitna og oftar hefur verið borað eftir vatni. Það að eiga og reka vatnsveitu krefst stöðugrar árvekni og því má segja að átakinu ljúki aldrei. Átakið var styrkt af umhverfisráðuneytinu, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Bændasamtökum Íslands.

### NÝ UPPLÝSINGASÍÐA UM REACH

Ný reglugerð Evrópusambandsins REACH (Registration, Evaluation, Authorisation and restriction of Chemicals) um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni tók gildi í Evrópu þann 1. júní 2007. Áætluð gildistaka hennar hér á landi er á fyrri hluta ársins 2008.

Af þessu tilefni var opnuð upplýsingasíða þann 1. júní 2007, um REACH á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Á henni má finna grunnupplýsingar um þessa nýju reglugerð sem og tengla á gagnlegar heimasíður.

Upplýsingasíða þessi er einkum ætluð þeim aðilum sem REACH hefur áhrif á, þ.e.:

- Framleiðendum og innflytjendum efna og efnablandna (málningar, líms, hreinsiefna o.fl.)
- Þeim sem nota efni og efnablöndur við vinnu sína, þ.e. eftirnotendum („downstream users“)
- Framleiðendum og innflytjendum hluta (articles) sem innihalda efni (t.d. leikfangar, fatnaðar, bíla, o.fl.)
- Dreifingar- og þjónustuaðilum efna og efnablandna

Markmiðið er að fyrirtæki og aðilar sem REACH hefur áhrif á geti á sem einfaldastan hátt áttað sig á hlutverkum sínum og skyldum samkvæmt þessari nýju reglugerð. Síðuna má finna á slóðinni: <http://www.ust.is/efniogefnavorur/REACH/>


### LOFTGÆÐI

Í ágúst 2007 var tekin í notkun ný og fullkomin loftmælistöð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Meginhlutverk stöðvarinnar er að mæla brennisteinsdíoxíð, svifryk og flúor frá álverinu í Straumsvík og er staðsetning hennar miðuð við það. Einnig voru sett í hana tæki til að mæla níturoxíð frá umferð og brennisteinsvetni frá jarðvarmavirkjunum. Í dag er því mælt brennisteinsvetni á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í þessari nýju stöð á Hvaleyrarholti og við Grensásveg í Reykjavík.

Í undirbúningi er að fjölga mælistöðvum. Til stendur að setja upp færlega stöð sem mælir PAH og þungmálma. Einnig er í undirbúningi að setja upp nýja mælistöð á Akureyri, þannig að hægt sé að sjá loftgæði í bænum á netinu. Upplýsingar um loftgæði á Akureyri verða þá uppfærðar oft á dag. Þetta verður



**Svifryk Reykjavík og Akureyri**  
(Mælingar 2005-2007)



mikil framför því með mælinum sem notaður er í dag fást ekki upplýsingar um loftgæði hvers dags fyrr en viku til hálfum mánuði síðar.

Árið 2007 var þriðja árið sem mæld var svifryksmengun á Akureyri. Niðurstöður mælinga þar eru nokkuð áhyggjuefni en töluvert mikil svifryksmengun hefur mælst í bænum. Á árinu 2007 mældist svifryksmengun á Akureyri yfir heilsuverndarmörkum í 40 daga. Á meðfylgjandi súluriti má sjá samanburð á svifryksmengun annars vegar við gatnamót Grensásvegur og Miklubrautar í Reykjavík og hins vegar á gatnamótum Tryggvabrautar og Glerárgötu á Akureyri. Súluritið sýnir fjölda daga yfir heilsuverndarmörkum á árunum 2005-2007.

## SÆLGÆTI OG SMÁHLUTIR GETA VALDIÐ KÖFNUN


Bæklingurinn „Sælgæti og smáhlutir geta valdið köfnun!“ kom fyrst út árið 2001 og vakti verðskuldaða eftirtekt þar sem mörg börn hér á landi hafa verið hætt komin þegar smáhlutir, matur eða sælgæti hefur staðið í hálsi.

Frá árinu 2001 hafa aðferðir við skyndihjálp verið endurskoðaðar og einnig hafa margar ábendingar borist frá foreldrum og neytendum sérstaklega hvað varðar stærð á sælgæti. Það var því talið nauðsynlegt að endurnýja bæklinginn og var hann gefinn út aftur í maí 2007.

Meginmarkmiðið með útgáfu bæklinginsins er að efla fræðslu og umræðu um sælgæti og aðra smáhluti sem geta valdið hættu vegna stærðar, þyngdar eða lögunar. Ennfremur miðar útgáfan að því að upplýsa almenning um hvers ber að gæta við val á sælgæti og til hvaða aðgerða ber að grípa ef aðskotahlutir festast í koki barns.

Bæklingnum var dreift á alla leikskóla og grunnskóla í landinu og jafnframt á heilsugæslustöðvar um allt land.

Þeir sem unnu að nýju útgáfunni voru Lýðheilsustöð, Neytendastofa, Rauði kross Íslands og Umhverfisstofnun.





Ellý Katrín Guðmundsdóttir og Helgi Jensson urðu eins og aðrir starfsmenn Umhverfisstofnunar fegin þegar tókst að koma Wilson Muuga á flot. Stórvirki sem hefði ekki tekist nema með samhentunni átaki allra sem að komu. Hreinsun fjörunnar tókst vel með hjálp Bláa hersins og þar með lauk aðgerðum á vegum Umhverfisstofnunar á strandstað.

## STRAND WILSON MUUGA OG HREINSUNARAÐGERÐIR

Wilson Muuga strandaði aðfaranótt 19. desember 2006 og hreinsun olíu úr skipinu var lokið í febrúar 2007 eins og lýst er í ársskýrslu stofnunarinnar 2006. Þá var búið að ná í land um það bil 150 tonnum af svartolíu, smurolíu og glussa (af um 178 tonnum). Að því loknu fékk eigandinn skipið til umráða og ákveðinn frest til að gera grein fyrir því hvernig hann hygðist fjarlægja það af strandstað. Fljótlega kom í ljós að verulegar líkur væru á því að draga mætti skipið út á stórstraumsflóði. Við skoðun á flóðatöflum var ljóst að gluggi til framkvæmda var nokkuð þröngur. Í framhaldinu var undirritaður samningur um fjarlægingu og kostnaðarskiptingu vegna þessa milli eigenda skipsins og umhverfisráðuneytisins (fyrir hönd ísl. ríkisins) þann 27. mars 2007. Samkvæmt samningnum átti að fjarlægja skipið á stórstraumsflóði í maí.

Strax var hafist handa við undirbúning sem lauk með að skipið var dregið á flot 17. apríl, mánuði á undan áætlan. Eins og við mátti búast kom olía út þegar skipið var losað enda var reiknað með að einhver olía leyndist milli banda í botntönkum skipsins. Fjörur voru gengnar og gengið úr skugga um að olíumengun

væri bara í fjörunni við skipið. Blái herinn hreinsaði fjöruna fyrir Umhverfisstofnun nokkrum dögum síðar og þar með lauk aðgerðum á vegum Umhverfisstofnunar vegna strands Wilson Muuga.

Í heildina tókust hreinsunaraðgerðir mjög vel. Engin varanleg áhrif vegna mengunar urðu og giftusamlega tókst að fjarlægja skipið af strandstað. Meðal annars í ljósi strands Wilson Muuga lagði Ísland fram tillögu til Alþjóða siglingamálastofnunarinnar um takmarkanir á siglingum fyrir Reykjanes og var sú tillaga samþykkt. Ný skipan tekur gildi 1. júlí 2008. Einnig hefur siglingalögum verið breytt þannig að tryggingarfjárhæðir vegna kostnaðar við aðgerðir vegna strands eru nú mun hærra en áður.

Umhverfisstofnun vill ítreka þakkir til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg við dælingu og hreinsun fyrir einstaklega vel unnin störf undir erfiðum kringumstæðum. Sérstakar þakkir fá starfsmenn Olíudreifingar ehf og Framtaks ehf sem hafa unnið sín verk af ábyrgð, dug, þolinmæði og gífurlegu úthaldi. Einnig ber að nefna mjög gott samstarf við félagi í Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Þyrluáhafnir og annað starfsfólk Landhelgisgæslu Íslands, sveitastjórn Sandgerðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og lögregluna sem stóð vakt sína með sóma.

## GLJÚFRASTOFA

Gljúfrastofa, gestastofa og upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum var opnuð formlega að viðstöddu fjölmenni á sumardaginn fyrsta þann 19. apríl 2007 en bygging Gljúfrastofu hófst haustið 2005 eftir liðlega tveggja ára undirbúning.

Frá upphafi undirbúnings að Gljúfrastofu hafa markmiðin með Gljúfrastofu verið að:

- safna saman og veita gestum upplýsingar um náttúru og sögu þjóðgarðsins og nágrennis hans í Þingeyjarsýslum
- draga fram og vernda sérstöðu svæðisins, náttúru og menningu
- auka þjónustu við gesti þjóðgarðsins og lengja dvöl þeirra á svæðinu.
- auka þekkingu og áhuga gesta á svæðinu, auka ánægju þeirra og skapa þau tengsl sem nauðsynleg eru til verndunar svæðisins
- skapa atvinnu og auka heildarvirði svæðisins, samfélaginu til heilla
- efla tengsl og samstarf við rannsókn- og menntastofnanir

Í Gljúfrastofu er aðalmóttaka gesta þjóðgarðsins, upplýsingagjöf, sýning um náttúru og sögu þjóðgarðsins, skrifstofur, búningaástaða og kaffistofa starfsmanna, kennslustofa og fundarherbergi, salerni fyrir gesti og fleira. Sýningin er einkar glæsileg en hönnun og útlit sýningar var í höndum þeirra Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur, Jóns Ásgeirs Hreinssonar og Ólafs Ómarssonar hjá Studio Bility. Heilsársstarfsmenn þjóðgarðsins og Sigrún Helgadóttir sáu um textagerð.

Gestir þjóðgarðsins voru mjög ánægðir með Gljúfrastofu, bæði aðstöðuna og sýninguna og bera ummæli þeirra í gestabókinni þess glögg merki. Sumarið 2007 var Gljúfrastofa opin frá 1. maí – 30. september og þann tíma skoðuðu tæplega 20 þúsund manns sýninguna.

Opnun Gljúfrastofu á sumardaginn fyrsta var mjög hátíðleg og tókst afar vel. Við opnunina bauð þjóðgarðsvörður gesti velkomna og rakti söguna í stuttu máli og Jón Helgi Björnsson formaður Byggðaráðs Norðurþings, ávarpaði gesti. Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra, ávarpaði síðan gesti og opnaði gestastofuna formlega með aðstoð yngri deildar Öxarfjarðarskóla. Eldri nemendur Öxarfjarðarskóla sögðu frá þjóðgarðsskólaverkefni og fluttu náttúruverndarhugleiðingar. Yngri deild Öxarfjarðarskóla sagði sögur frá tröllunum sínum sem geymd eru í Gljúfrastofu og sungu fyrir gesti. Nemendur stóðu sig þannig með mikilli þryði. Samkór úr Öxarfirði og Kelduhverfi flutti nokkur lög af svæðinu og Guðmundur Magnússon reiddi fram ljúffengar veitingar frá Fjallalambi.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að Gljúfrastofa er mikilvægt framfaraspor fyrir þjóðgarðinn.



### Athugasemdir í gestabók 2007:

„Þetta er frábært og fallega uppsett.“

„Frábær sýning. Til hamingju.“

„Rosa flott gestastofa.“

„Stórskemmtileg framsetning á margvíslegum fróðleik.“

„Afskaplega vel lukkað allt.“

## REGLUGERÐIR ER VARÐA TAKMARKANIR Á NOTKUN EFNA

Á árinu komu út nokkrar reglugerðir er varða takmörkun á hættulegum efnum. Þar ber helst að nefna reglugerð nr. 424/2007 um þalöt í leikföngum og öðrum vörum fyrir börn og reglugerð nr. 1248/2007 um takmörkun á notkun fjölhringa arómatískra vetniskolefna í mýkingarolíu og hjólbörðum. Þalötum er blandað saman við plast til að það verði mýkra og hentugra í ungbarnaleikföng.

Í fyrrnefndu reglugerðinni er hert á kröfum reglugerðar sama efnis frá árinu 2000 um að leikföng og umönnunarvörur barna innihaldi ekki þalöt og er nú miðað við vörur ætlaðar börnum allt að 14 ára að aldri í stað þriggja ára fyrr. Sex þalöt eru tiltekin í reglugerðinni og eru þrjú þeirra alveg bönnuð en hin þrjú eru bönnuð í hlutum sem börn geta stungið upp í sig. Sýnt hefur verið fram á að sum þalöt geti dregið úr frjósemi manna og verið skaðleg ófæddum börnum í móðurkviði.

Í síðarnefndu reglugerðinni eru svokölluð PAH efni bönnuð í mýkingarolíu sem notuð er við framleiðslu hjólbarda. PAH er hópur efna sem telur yfir 500 þekkt efnasambönd sem mörg hver valda krabbameini. Bannið tekur gildi 1. janúar 2010 og nær yfir mýkingarolíu með hátt arómatainnihald og hjólbarda sem meðhöndlaðir hafa verið með slíkriolíu. Þar sem erfiðlega hefur gengið að finna nothæfa mýkingarolíu sem hefur minni hættu í för með sér þótti ekki óhætt að banna þessa notkun fyrr.



Eitt af markmiðum Umhverfisstofnunar er að skapa heilnæmt umhverfi - að athafnir mannsins og þau efni sem hann notar og framleiðir spilli ekki að óþörfu auðlindum landsins og vistkerfi. Ennfremur að tryggja öryggi neytenda með það að leiðarljósi að vörur valdi hvorki mengun eða slysum á fólki. Í því neyslupjóðfélagi sem við búum við er í mörg horn að líta og ábyrgð Umhverfisstofnunar mikil.



#### FYRIRKOMULAG RJÚPNAVEIÐA HAUSTIÐ 2007

Vegna áframhaldandi niðursveiflu rjúpnastofnsins var rjúpnaveiðitímabilið stýtt á árinu. Árið 2007 var einungis heimilt að veiða rjúpur frá 1. nóvember til 30. nóvember en hafði verið frá 15. október til 30. nóvember árið áður. Eins og árið 2006 var ekki heimilt að veiða rjúpur mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga. Það þýðir að aðeins mátti veiða rjúpur 18 daga á árinu en veiðidagar höfðu verið 26 árið 2006. Áfram var sölubann á rjúpum og rjúpnaafurðum. Einnig var áfram friðað um 2600 ferkílómetra svæði kringum höfuðborgina. Auk þessara aðgerða sem bundnar voru í lög og reglugerðir voru veiðimenn hvattir til að sýna hófsemi í veiðum. Það var gert m.a. með tölvupósti sem sendur var til allra veiðikorthafa og útgáfu límmiða sem verslunareigendur settu á skotapakka sem þeir seldu. Almennt séð er ekki annað að sjá en að veiðimenn hafi tekið hvatningarátaki þessu um hófsamlegar rjúpnaveiðar mjög vel.

#### UMHVERFISÞING

Um 350 manns sóttu Umhverfisping 2007 og er það hið fjölmennasta til þessa. Þinginu lauk með pallborðsumræðum fulltrúa allra stjórnmalaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi, fulltrúum umhverfissamtaka og Samtaka atvinnulífsins.

Á þinginu voru m.a. kynnt drög að stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og fjallað um undirbúning náttúruverndaráætlunar fyrir tímabilið 2009-2013.

Í kjölfar Umhverfispings verður unnið áfram að gerð stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni og að gerð náttúruverndaráætlunar. Umhverfisráðuneytið gaf fólki tækifæri til að senda inn athugasemdir og tillögur varðandi drög að stefnu um líffræðilega fjölbreytni og var opnuð gátt á heimasíðu ráðuneytisins fyrir slíkar athugasemdir. Einnig var hægt að senda athugasemdir og tillögur skriflega til ráðuneytisins fyrir 15. desember 2007. Þá eru fyrirhugaðir kynningarfundir fyrir almenning þegar drög að nýrri náttúruverndaráætlun liggja fyrir.

Á þinginu voru fjölmörg erindi um gildi náttúruverndar og hvernig vernd og nýting náttúruauðlinda geta farið saman. Lífligar umræður voru í málstofum á þinginu, m.a. um náttúruvernd á 21. öldinni og náttúru og byggð. Fyrirlesarar komu víðs vegar að og fjölluðu um umhverfisstarf allt í kringum landið.

#### EFTIRLIT MEÐ MATVÆLUM

Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga unnu sjö eftirlitsverkefni árið 2007 og eru skýrslur þeirra á heimasíðunni [www.ust.is](http://www.ust.is). Þessi eftirlitsverkefni voru:

**Hollustuhættir í sjoppum/skyndibitastöðum sem selja steikta borgara og örveruástand steiktra borgara**

**Örveruástand krydds**

**Matvæli á boðstólum á líkamsræktarstöðvum**

**Könnun á salmonellu og aflatoxíni í bökunarkorni, fræjum/ fræblöndum og músli**

**Könnun á kælihitastigi og uppröðun í kæla**

**Merkingar ávaxtasafa, ávaxtanektars og annarra drykkja (óbirt)**

**Villandi merkingar (óbirt)**





### BÓKASAFN UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun rekur bókasafn sem er sérfræðisafn fyrir rit og gögn er varða starfssvið stofnunarinnar og þjónar safnið fyrst og fremst starfsfólki hennar. Á árinu 2007 var haldið áfram þeirri vinnu sem hafin var á haustdögum 2006, að skrá safnkostinn í Gegni, sameiginlegan gagnagrunn flestra bókasafna á landinu. Þessi skráning er mikil vinna þar sem samhliða henni er unnið að mikilli grísjun úrelts efnis. Breytingar á skipulagi og mönnun Umhverfisstofnunar hafa haft í för með sér mikla vinnu fyrir starfsfólk safnsins. Því hefur skráningin í Gegni gengið mun hægar en vonir stóðu til og er erfitt, að svo stöddu, að spá fyrir um hvenær henni muni ljúka.

Eins og undanfarin ár hefur safnið og stofnunin annast dreifingu ýmissa rita, einkum rita Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) og Norrænu ráðherranefndarinnar. Á árinu 2007 hefur safnið dreift um 1900 eintökum til annarra safna og stofnana.

### VÍFILSTAÐAVATN FRÍÐLÝST

Á þessu ári var lokið við friðlýsingu Vífilstaðavatns og grannsvæða með auglýsingu 1064/2007. Mörk friðlandsins taka til Vífilstaðavatns og hlíðanna að sunnan- og austanverðu upp frá vatni upp á brún, að meðtöldu Grunnvatnsskarði. Vestur- og norðurmörk fylgja Ofanbyggðarvegi og Elliðavatnsvegi, skv. samþykktu aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda vatnið ásamt fjölbreyttu og gróskumiklu lífríki þess. Friðlýsingunni er ætlað að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og styrkja verndun tegunda og samfélagsgerðar. Sérstæðir stofnar bleikju, urriða, áls og hornsíla eru í vatninu. Hornsílin í vatninu eru sérstök þar sem þau skortir kviðgadda. Töluvert af andfuglum verpir við vatnið og mófuglar umhverfis það. Markmið með verndun nærsvæðis vatnsins er að tryggja eðlilegt grunnvatnssstreymi til þess og viðhalda náttúrulegu gróðurfari svæðisins. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins. Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur umsjón með friðlandinu.



Bókasafn Umhverfisstofnunar er fjölbreytt en Umhverfisstofnun hefur m.a. umsjón með dreifingu rita Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) og Norrænu ráðherranefndarinnar til safna og stofnana hér á landi.



## SKAFTAFELLSÞJÓÐGARÐUR 40 ÁRA Á ÁRINU

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður þann 15. september 1967 en sérstök reglugerð fyrir þjóðgarðinn tók gildi í ágúst 1968. Í upphafi var þjóðgarðslandið um 500 ferkílómetrar að flatarmáli, en mörkum þjóðgarðsins hefur tvívegis verið breytt, fyrst 1984 í um 1.600 km<sup>2</sup> en þá urðu m.a. Grímsvötn hluti af þjóðgarðinum. Árið 2004 stækkaði þjóðgarðurinn verulega og þekur hann nú 4.807 km<sup>2</sup> og nær nú yfir Lakagígasvæðið, sem áður var náttúruvætti og friðlandið Esjufjöll. Á sama tíma var heiti þjóðgarðsins breytt í Skaftafellsþjóðgarð. Skaftafellsþjóðgarður þekur nú um 2/3 hluta Vatnajökuls og skiptist í þrjú ólík svæði: Lakagíga, Skaftafell ásamt efsta hluta Skeiðarársands og um 58% af jökulhettu Vatnajökuls ásamt skriðjökulum og Örafajökli.

Aðdraganda að stofnun Skaftafellsþjóðgarðs má rekja um 50 ár aftur í tímann. Um miðjan 6. áratuginn urðu vatnaskil í umræðu um náttúruvernd á Íslandi. Mikið hafði áunnist með stofnun þjóðgarðsins á Þingvöllum en í kjölfar þeirrar lagasetningar var hafist handa við setningu fyrstu almennu náttúruverndarlaganna. Eftir að friðlýsing Þingvalla hafði náð fram að ganga, var brautin að ýmsu leyti auðveldari, en það sýndi sig þó, að lög um almenna náttúruvernd áttu langt í land. Þá skiptir miklu, að í fylkingarbrjósti náttúruverndarmála sé fólk, sem getur í senn talað af þekkingu og þannig að það nái til almennings. Það var síðan árið 1956 að sett voru fyrstu lög um náttúruvernd og fyrsta Náttúruverndarráðið var stofnað. Á þeim tíma og allt fram að stofnun umhverfisráðuneytisins heyrði málaflokkurinn undir menntamálaráðuneytið.

Það var án efa undir áhrifum þessara laga að Sigurður Þórarinnsson prófessor lagði fyrst til árið 1959 að í Skaftafelli skyldi verða þjóðgarður en áður hafði hann tekið þátt í gerð fyrstu laga um náttúruvernd. Hann var því meðal þeirra fjölmörgu manna sem lagði áherslu á að friðlýsa Skaftafell í Örafum sem þjóðgarð. Hann hafði stundað rannsóknir á svæðinu á 6. áratugnum og m.a. kannað eldvirkni í Örafajökli og komist að þeirri niðurstöðu að stórt gos í Örafajökli lagði sveitina í eyði árið 1362. Rannsóknir Sigurðar þóttu merkilegar enda ruddi hann nútímaeldfjallafræði braut á þessum tíma. Formlegur undirbúningur að stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hófst með bréfi frá Sigurði Þórarinnssyni dagsettu í nóvember 1960 til þáverandi Náttúruverndarráðs. Í bréfinu kemur fram beiðni um það

að skoðuð verði af fullri alvöru stofnun þjóðgarðs í landi Skaftafells og svæðis austan Skeiðarár. Sú saga sem þá tók við verður ekki rakin hér en ljóst er að hér voru hugsjónir stórhuga manna á ferðinni sem sáu möguleika í verndun náttúrunnar til framtíðar. Margir aðilar komu að undirbúningi stofnunar þjóðgarðsins á sínum tíma og væri of langt mál að telja hér upp. Mestu máli skipti þó velvilji landeigenda á svæðinu, manna eins og Ragnars Stefánssonar bónda í Hæðum og Ingigerðar Þorsteinsdóttur, eiganda Bólta. Verulegu máli skipti einnig framlag World Wildlife Fund en með styrk frá þeim um miðjan 7. áratuginn var unnt að ganga frá kaupum á hluta Skaftafellsjarðarinnar undir þjóðgarðinn. Sir Peter Scott sem þekktur er m.a. fyrir rannsóknir á heiðagæs í Þjórsárverum er einn af stofnendum World Wildlife Fund sjóðsins og hefur áhugi hans á sérstöðu náttúru Íslands án efa hjálpað til við jákvæða umsögn varðandi styrkveitinguna. Um áramótin 2007/2008 mun verða til nýr þjóðgarður byggður m.a. á grunni Skaftafellsþjóðgarðs. Mun sá þjóðgarður verða sá stærsti í Evrópu og heita Vatnajökulsþjóðgarður. Þá hefst nýr kafli í merkilegri sögu verndar landslags og lífríkis í Skaftafelli sem vonandi á eftir að styrkja svæðið og auka hróður þess um ókomna tíð.

## VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

Starfsemi náttúruverndarsviðs á árinu miðaðist að nokkru leyti við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á árinu, sérstaklega seinni hluta ársins. Með stofnun þessa stærsta þjóðgarðs í Evrópu breytist starfsemi sviðsins nokkuð enda fara starfsmenn og rekstur tveggja þjóðgarða undir hinn nýja þjóðgarð, þ.e. Skaftafellsþjóðgarður og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Töluverð undirbúningsvinna var unnin af starfsfólki sviðsins en einnig sat Ellý Katrín Guðmundsdóttir forstjóri Umhverfisstofnunar sem varaformaður í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt forstöðumanni náttúruverndar- og útivistarsviðs sem varamaður varaformanns. Verkefni náttúruverndarsviðs hefur falist í að undirbúa flutning verkefna ásamt rekstrarþáttum starfseminnar. Um áramótin 2007/2008 verður til stofnunin Vatnajökulsþjóðgarður en áætlað er að þjóðgarðurinn verði formlega stofnaður með reglugerð á vormánuðum 2008. Verkefnið hefur gengið samkvæmt áætlun en hér hefur verið í mörg horn að líta.



## ÚTGÁFA BÓKARINNAR VEIÐAR Á VILLTUM FUGLUM OG SPENDÝRUM

Bókin *Veiðar á villtum fuglum og spendýrum* eftir Einar Guðmann kom út á árinu. Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna fjallar bókin um veiðar í víðtækri merkingu. Tilurð þess að bókin var skrifuð má rekja til þess að allt frá stofnun veiðikortakerfisins árið 1995 hafa verið haldin námskeið fyrir verðandi veiðimenn



og skortur hefur verið á ítarlegu kennsluefni. Námskeiðin eru undirbúningsnámskeið fyrir hæfnispróf veiðimanna sem gefur þeim réttindi til þess að sækja um veiðikort hjá Umhverfisstofnun. Ekki hefur verið til staðar kennsluefni, sem tekur á kerfisbundinn hátt til umfjöllunar öll helstu atriði sem veiðimönnum ber að kunna skil á, fyrr en með tilkomu bókarinnar. Höfundur starfar sem sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun og hefur haft umsjón með skotvopnánámskeiðum sem veita réttindi til þess að sækja um skotvopnaleyfi hjá lögreglunni. Árið 2003 skrifaði Einar Skotvopnabókina sem notuð er sem kennsluefni á skotvopnánámskeiðunum. Með tilkomu bókarinnar *Veiðar á villtum fuglum og spendýrum* er tekið enn eitt skref í þá átt að gera menntun íslenskra skotveiðimanna sambærilega við þá menntun sem þekktist í nágrennalöndunum. Enn skortir þó á að bæta úr menntun skotveiðimanna hvað verklega þjálfun snertir, en segja má að bóklega þættinum sé náð með tilkomu bókarinnar.

Hér er um veglega bók að ræða, ríkulega myndskreytta, þar sem öllu er lýtur að skotveiðum á Íslandi eru gerð ítarleg skil s.s. veiðiaðferðum, veiðitímabilum, tegundum veiðibráðar og leyfilegum gerðum skotvopna og siðfræði skotveiða. Henni er ætlað að fræða skotveiðimenn svo umgengni um íslenska náttúru og veiðistofna hennar verði með sem bestum hætti.



**Jóhann Páll Valdimarsson hjá JPV útgáfu, Ellý Katrín Guðmundsdóttir fyrrverandi forstjóri Umhverfisstofnunar og Einar Guðmann höfundur bókarinnar handsala samkomulagið um útgáfu bókarinnar.**

Umhverfisstofnun og JPV útgáfa sömdu á árinu um útgáfu bókarinnar. Með samningnum varð bókin fánleg á almennum markaði en fram að því höfðu verðandi veiðimenn eingöngu fengið hana í hendur og ljóst að þörfin fyrir bók af þessu tagi nær langt út fyrir raðir þeirra.

Samningurinn felst í því að JPV mun sjá Umhverfisstofnun fyrir nægilegum fjölda eintaka árlega til að mæta þörf vegna skotveiðinámskeiða en að öðru leyti er útgáfa og dreifing bókarinnar í höndum JPV.



## HREINDÝR

Heildartekjur af veiðileyfasölu árið 2007 voru kr. 86.942.000,-. Arður sem greiddur er til um 750 landeiganda og ábúenda á Austurlandi var kr. 74.810.300,- eða um 86% af heildartekjum. Kostnaður Umhverfisstofnunar vegna umsýslu var kr. 8.744.700,- og Náttúrustofu Austurlands vegna vöktunar kr. 3.387.000,-

Veiðikvótinn fyrir árið 2007 var 1137 dýr. Heimilt var að byrja tarfaveiðar 15. júlí en veiðar á kúm byrjuðu 1. ágúst eins og áður. Veiðitímabilinu lauk svo eins og undanfarin ár 15. september.

Í heildina gengu veiðarnar vel, veðurfar var veiðimönnum hagstætt og fáir þokudagar hömluðu veiðum en það er oft þokan sem tefur fyrir veiðum. Það er vandamál hve margir hreindýraveiðimenn ákveða að fella ekki sitt dýr fyrr en eftir 20. ágúst og skapar það vissulega vandamál á veiðisvæði 2 þar sem kvótinn er mestur. Undanfarin ár hafa tæp 70% veiðikvótans verið veidd á þeim tíma.

Á veiðitímabilinu 2007 náðist að fella 1130 dýr, 559 tarfa og 571 kú. Auk þess voru felldir 154 kálfar en heimilt er að fella kálf sem gengur undir felldri kú. Hreindýraveiðimenn þurfa að hafa með sér leiðsögumann sem hefur starfsleyfi útgefið af Umhverfisstofnun. Starfandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum eru um 80.

## RAFRÆN PRÓF FYRIR VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ

Í kjölfar útgáfu bókarinnar Veiðar á villtum fuglum og spendýrum eftir Einar Guðmann sem notuð er sem kennsluefni á veiðikortanámskeiðum, var hafin vinna við rafrænan spurningagrunn sem byggður er á kennslubókinni. Í lok árs var hafist handa við að þróa og setja upp þennan gagnagrunn sem notaður er til þess að leggja rafræn próf fyrir nemendur á veiðikortanámskeiðunum. Fram til þessa hafa nemendur á skotvopna- og veiðikortanámskeiðum tekið skrifleg próf sem farið var yfir og niðurstöðurnar síðan færðar handvirkt inn í gagnakerfi fyrir námskeiðin. Með tilkomu rafrænna prófa er sjálfkrafa búið til sérstakt próf fyrir hvert námskeið og þegar niðurstöður prófa eru sendar til nemenda geta þeir fengið afrit af prófinu með

leiðréttingu á röngum svörum. Engin tvö próf á milli námskeiða eru eins.

Stefnt er að því að í þessum rafræna spurningagrunni verði mörg hundruð spurningar. Hvert próf er 50 spurningar sem dregnar eru handahófskennt úr grunninum. Með tilkomu þessa gagnagrunns opnast jafnframt sá möguleiki að gefa almenningi kost á að prófa þekkingu sína á þessum málaflokki á vefnum. Stór spurningagrunnur á vefnum mun eflaust stuðla að aukinni þekkingu hins almenna veiðimanns á skotveiðum og þeim lögum og reglum sem um þær gilda. Ætla má að kominn verði vísir að slíkum grunni á vefnum sem opinn verður almenningi síðla árs 2008.

Í lok ársins 2007 var gagnagrunnurinn prófaður á námskeiðum og lofa fyrstu prófanir góðu. Ljóst er að með honum fæst aukin skilvirkni og hraði í yfirferð prófa auk þess sem yfirferð prófa krefst ekki sérþekkingar á málaflokknum. Nemendur sem fara í upptökupróf geta ennfremur tekið prófin í tölvu og fengið niðurstöðuna samstundis.

## VEIÐIÁTAK Á MINK 2007-2009

Á árinu 2006 ákvað umhverfissráðherra að hringa af stað tilraunaverkefni í minkaveiðum til að athuga hvort fýsilegt væri að útrýma mink á Íslandi. Tvö svæði urðu fyrir valinu, Eyjafjörður og Snæfellsnes. Nefnd á vegum umhverfissráðuneytisins hefur umsjón með veiðiátakinu og Umhverfisstofnun hefur umsjón með veiðunum en ræður verkefnisstjóra og veiðimenn til að sinna þeim. Stefnt er að því að margfalda veiðiálag á þessum svæðum frá því sem áður var auk þess sem veiðarnar eru með skipulegri hætti. Samhliða veiðunum er í gangi rannsóknir sem ætlað er að meta árangur veiðiáttaksins og eru þær unnar af Náttúrustofu Vesturlands í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Við minkaveiðar eru einkum tvær aðferðir notaðar þ.e. gildruveiði og hundaveiði. Lagðar eru gildir þar sem von er á umferð minka og hundar notaðir til að þefa uppi bæli minka.



### **Veðiálag á mink hefur verið margfaldað á Snæfellsnesi og Eyjafirði til að athuga hvort fýsilegt sé að útrýma mink á Íslandi.**

Gildrum var fjölgað umtalsvert frá því sem áður var og þær jafnframt lagðar víðar en áður. Áhersla var lögð á að hefja gildruveiðarnar af fullum þunga um mánaðarmótin febrúar/mars og voru gildrurnar hafðar úti út nóvembermánuð. Þeirra var svo vitja reglubundið allan tímann. Hundaveiði hófst í lok mars á Snæfellsnesi og um mánuði seinna í Eyjafirði og var meginþungi hundaveiðinnar frá apríl til júní en minni eftir það.

Í lok árs var vitað um 349 minka sem höfðu veiðst á báðum svæðum. Af þeim voru 204 veiddir á Eyjafjarðarsvæðinu en 145 á Snæfellsnesi. Hér eru einungis talin fullorðin dýr en ekki hvolparnir eins og tíðkast hefur víðast. Af samanburði við fyrri ár er ljóst að um allnokkra aukningu er að ræða frá fyrri árum. Hlutfall kvendýra í veiðinni var heldur hærra en hlutfall karldýra, 58% á Eyjafjarðarsvæðinu og 51% á Snæfellsnesi. Ef aðeins er tekið tímabilið janúar til maí er hlutfallið hærra, þ.e. 62% á Eyjafjarðarsvæðinu og 51% á Snæfellsnesi. Á þessum tíma er mikilvægt að ná kvendýrunum og draga þannig úr framleiðni stofnsins.

Enn sem komið er er ekki hægt að meta árangur veiðanna en til þess þarf að veiða með sama álagi næstu ár og bera saman veiði á sóknareiningu.

### **TUTTUGU ÁRA AFMÆLI MONTREAL-BÓKUNARINNAR**

Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið stóðu saman að málstofu í tilefni af 20 ára afmæli Montreal-bókunarinnar 14. september 2007, en 16. september 1987 var undirritaður bindandi samningur um verndun ósonlagsins í Montreal í Kanada. Þessi dagur var síðar valinn Dagur ósonlagsins. Með samþykkt alþjóðasamfélagsins skuldbundu ríki heims sig til að vernda ósonlagið með því að minnka framleiðslu á ósoneyðandi efnum en með þynningu ósonlagsins eykst magn hættulegrar útfjólublárrar geislunar í sólarljósi sem berst til jarðarinnar.

Ósoneyðandi efni hafa verið notuð í margs konar tilgangi, t.d. sem kælimiðlar í ísskápum og frystiskípum, sem drifefni í úðabrusum og sem slökkvimiðlar í slökkvitækni. Á þeim 20 árum sem liðin eru frá undirrituninni hefur notkun ósoneyðandi efna minnkað um 95% á heimsvísu og 98% hér á landi. Á 19. aðildarríkjafundi Montreal-bókunarinnar sem haldinn var í Montreal í Kanada 17.-21. september 2007 samþykktu fulltrúar allra ríkja Sameinuðu þjóðanna að hætta notkun ósoneyðandi efna 10 árum fyrr en áður var áætlað. Munar þar mestu um framleiðslu þróunarlandanna en notkun ósoneyðandi efna hefur margfaldast þar síðustu 5 árin.

Þrátt fyrir góðan árangur Montreal-bókunarinnar er ennþá margt óunnið. Mörg lönd hafa ekki uppfyllt skuldbindingar sínar og svo er samspil á milli ósoneyðingarinnar og annarra umhverfsvandamála. Alþjóðasamfélagið hefur á síðustu árum í vaxandi mæli beint sjónum sínum að sambandinu á milli ósoneyðingar og loftslagsbreytinga, svo og að þörfinni á að samræma sjálfbærar aðgerðir í umhverfismálum á lands- og heimsvísu. Þótt rannsóknir vísindamanna sýni að ósonlagið muni jafna sig og muni ná sama þéttleika árið 2070 og það hafði 1980, er ennþá mikið verk óunnið og verulegrar aðgæslu er þörf í umgengni fólks við sólarljós vegna áhrifa útfjólublárrar geislunar á húð og heilsu.



## LOSUNARHEIMILDIR

### Úthlutun losunarheimilda til Íslands

Endanleg ákvörðun um losunarheimildir Íslands samkvæmt Kýótó-bókuninni liggur nú fyrir. Samkvæmt bókuninni fær Ísland úthlutað heimildum sem jafngilda losun ársins 1990 að viðbættum 10% á ári á fyrsta skuldbindingatímabili Kýótó sem nær yfir 5 ár eða frá 2008 til 2012.

$$\text{Losunarheimildir (2008 – 2012)} = 5 \times 110\% \times (\text{losun árið 1990}) = 18.523.847 \text{ tonn CO}_2\text{-ígildi}$$

Losun gróðurhúsalofttegunda árið 1990 nam 3.367.970 tonn af CO<sub>2</sub>-ígildum. Því fær Ísland úthlutað 18.523.847 tonnum af CO<sub>2</sub>-ígildum í heild á tímabilinu 2008-2012 og má ekki losa meira magn gróðurhúsalofttegunda en sem því nemur. Samkvæmt ákvörðun 14/CP.7 við Kýótó-bókunina (Íslenska ákvæðið) er Íslandi þó heimilt að halda koldíoxíðlosun frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvera, sem hefur starfsemi eftir 1990, og leiðir til meira en 5% aukningar í losun á fyrsta skuldbindingatímabili bóknarinnar, utan við losunarskuldbindingar sínar eftir að losunarheimildir hafa verið fullnýttar. Heildarmagn losunar, sem halda má utan við losunarheimildirnar, nemur samtals 8 milljónum tonna á fyrsta skuldbindingatímabilinu. Verði losun meiri en sem nemur losunarheimildum landsins þegar tekið hefur verið tillit til „Íslenska ákvæðisins“, er hægt að afla fleiri eininga með bindingu kolefnis í landgræðslu og skógrækt og í gegnum svokallaða loftslagsvæna þróunaraðstoð eða með kaupum á heimildum erlendis frá.

### Úthlutun losunarheimilda innanlands

Lög nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda tóku gildi þann 17. mars 2007. Samkvæmt 7. grein laganna er staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, óheimilt að starfa á tímabilinu 1.1.2008 til 31.12.2012, nema hún hafi aflað sér losunarheimilda. Samkvæmt 8. grein laganna skal ofangreindur atvinnurekstur sækja um úthlutun á losunarheimildum til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun ber að fara yfir umsóknir um úthlutun losunarheimilda og framsenda til úthlutunarnefndar ásamt umsögn stofnunarinnar. Umhverfisstofnun skal einnig vera úthlutunarnefndinni til ráðgjafar. Úthlutunarnefnd losunarheimilda var sett á fót í samræmi við 4. gr. laganna og er hún skipuð fulltrúum iðnaðar-, umhverfis- og fjármálaráðuneytis.

Árið 2007 sóttu alls 9 fyrirtæki um losunarheimildir sem samsvara 10.966.585 tonnum af koldíoxíði. Umhverfisstofnun skilaði umsögnum um umsóknirnar til úthlutunarnefndar sem í kjölfarið gerði áætlun um úthlutun losunarheimilda fyrir tímabilið 1.1.2008 til 31.12.2012 og var hún gefin út þann 27. september 2007. Úthlutað var til fimm umsækjenda alls 8.633.105 losunarheimildum. Sjá nánar <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/1114>. Úthlutunarnefnd fer árlega yfir áætlun um úthlutun losunarheimilda, m.a. þegar og ef nýjar umsóknir berast eða ef aðstæður starfandi atvinnurekstrar breytast.

# VIÐAUKAR

## GREINAR

**Eftirfarandi greinar birtust eftir starfsmenn stofnunarinnar í blöðum og tímaritum:**

Auðvelda merkingar val á hollu fæði? (Jónína Þ. Stefánsdóttir og Brynhildur Briem)

Áhrif koffíns á fólk (Zulema Sullca Porta)

Bráðnun ísa (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Erfðabreytt matvæli þarf ekki að sérmerkja (Helga M. Pálsdóttir)

Góð ráð fyrir grillmeistarana (Ingibjörg Árnadóttir)

Hinar ýmsu myndir soja (Brynhildur Briem)

Hve lengi er hægt að kalla appelsínusafa ferskan? (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Matur og meðganga (Zulema Sullca Porta)

Meiri kröfur gerðar til náttúruylfa en fæðubótarefna (Brynhildur Briem)

Mikið magn transfitusýra í kexi (Brynhildur Briem)

MSG hefur marga kosti (Grímur Ólafsson)

Myglueitur og skósvarta leynast í mat (Herdís M. Guðjónsdóttir)

Veiðar á villtum fuglum og spendýrum (Einar Guðmann)

Neytendur eiga rétt á réttum innihaldsmerkingum (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Notkun fæðubótarefna (Brynhildur Briem)

Orkdrykkir (Zulema Sullca Porta)

Rétt hitastig skilar sér í geymslupoli (Ingibjörg Árnadóttir)

Skólanesti (Zulema Sullca Porta)

Um umbúðamerkingar matvæla (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Öll aukæfni skal tilgreina í innihaldslýsingum (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Svifryk og framkvæmdir. (Þorsteinn Jóhannsson)

## FYRIRLESTRAR

**Fyrirlestrar sem starfsmenn stofnunarinnar hafa haldið á opinberum vettvangi á árinu:**

Lífið á ströndinni (Gottskálk Friðgeirsson)

Umhverfismál hafna (Gottskálk Friðgeirsson)

Merkingar matvæla (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Matarsjúkdómaörverur (Ingólfur Gissurarson)

Ný reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar við merkingar matvæla. (Brynhildur Briem)

Tuttugu ára afmæli Montreal-bókunarinnar (Gunnlaug Einarsdóttir)

Um sólvarnir, málþing v. 20 ára afmælis Montreal-bókunarinnar (Sigrún Guðmundsdóttir)

Sól og útfjólublá geislun (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Fyrirlestur í tilefni evrópska sólvarnardagsins (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Reglugerðir vegna kælimiðla (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Fyrirlestur á málstofu í tilefni 20 ára afmælis Montreal-bókunarinnar (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Kynning á nýrri EB-reglugerð um HFC kælimiðla (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Fyrirlestur um starfsleyfi í fiskeldi (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Ráðstefna um stöðu lundastofnsins. Mikilvægi veiðitalna (Bjarni Pálsson)

Ráðstefna í tilefni 60 ára afmælis Vatnamælinga Orkustofnunar; ávarp fulltrúa Umhverfisstofnunar (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Kystkultur og Nationalpark Snæfellsjökull (Guðbjörg Gunnarsdóttir)

Norrænt hollustumerki á matvörur (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Er framtíð Ósonlagsins tryggð?, (Norræna ráðherranefndin og Heiðrún Guðmundsdóttir)

Fullyrðingar í merkingum matvæla (Brynhildur Briem)

Auðvelda merkingar val á hollu fæði? (Brynhildur Briem og Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Beint frá býli (Ingibjörg Árnadóttir)

Hollustumerki (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Hvað svifur yfir Esjunni? (Þorsteinn Jóhannsson)

Svifryk, orsakir og lausnir. Fyrirlestur á aðalfundi Samtaka tæknimanna sveitafélag (Þorsteinn Jóhannsson)

Svifryksmengun. Uppruni og mótvægisáðgerðir. Fyrirlestur á malbiksdögum 2007. (Þorsteinn Jóhannsson)

Svifryksmengun í Reykjavík. Fyrirlestur á rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar (Þorsteinn Jóhannsson)

## NÁMSKEIÐ SEM UMHVERFISSTOFNUN SÁ UM EÐA ÁTTI HLUT AÐ

Heilbrigðisfulltrúanámskeið

Skotvopnanámskeið

Veiðikortanámskeið

Jarðhitaskóli SP



## ÚTGEFIÐ EFNI

### PRENTAÐ:

- UST-2007:01** Heimajarðgerð og notkun jarðgerðartunna. Höf.: Cornelis Meyles og Albert Sigurðsson.
- UST-2007:02** Veiðidagbók. Ritstj.: Bjarni Pálsson.
- UST-2007:03** Dómnefndarálit vegna samkeppni um hönnun þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi. Útg.: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og Umhverfisstofnun.
- UST-2007:04** Ársskýrsla 2006
- UST-2007:05** Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2006. Útg: Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
- UST-2007:07** Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir, 3. útg.
- UST-2007:08** National Inventory Report: Iceland 2007. Submitted under the United Nations Framework Convention on Climate Change. Höf.: Birna Sigrún Hallsdóttir & Rob Kamsma, Umhverfisstofnun; Jón Guðmundsson, Landbúnaðarháskóla Íslands.
- UST-2007:09** Veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Höf.: Einar Guðmann.
- UST-2007:10** Icelandic Monitoring of Pesticide Residues in Foodstuffs: The results of 2006.
- UST-2007:11** Átak um hreint neysluvatn. Lokaskýrsla.

### VEFÚTGÁFUR:

- UST-R-2007:01** Mælingar á koffíni í drykkjum á íslenskum markaði.
- UST-R-2007:02** Örveruástand krydds. Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2007.
- UST-R-2007:03** Matvæli á boðstólum á líkamsræktarstöðvum. Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2007.
- UST-R-2007:04** Hollustuhættir í sjoppum/skyndibitastöðum sem selja steikta borgara og örveruástand steiktra borgara. Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2007.
- UST-R-2007:05** Eftirlit með varnarefnum í matvælum 2006. Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2007.
- UST-R-2007:06** Quality Assurance and Quality Control Plan for the Icelandic Greenhouse Gas Inventory. Höf.: Birna Sigrún Hallsdóttir.
- UST-R-2007:07** Könnun á kælihitastigi og uppröðun í kæla. Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2007.

### AUGLÝSINGAR OG REGLUGERÐIR

- Reglugerð nr. 1306/2007 um breytingu á reglugerð 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2007/9/EB)
- Reglugerð nr. 1305/2007 um breytingu á reglugerð 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2007/8/EB)
- Reglugerð nr. 1304/2007 um breytingu á reglugerð 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2007/7/EB)
- Reglugerð nr. 1183/2007 um breytingu á reglugerð nr. 557/1993 um hraðfryst matvæli
- Reglugerð nr. 1018/2007 um breytingu á reglugerð 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2006/62/EB)
- Reglugerð nr. 1010/2007 um breytingu á reglugerð 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2006/59/EB)
- Reglugerð nr. 1009/2007 um breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum
- Reglugerð nr. 943/2007 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2006/62/EB).





- Reglugerð nr. 942/2007 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2006/61/EB).
- Reglugerð nr. 941/2007 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2006/60/EB).
- Reglugerð nr. 940/2007 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum (innleiðing á tilskipun 2006/53/EB).
- Reglugerð nr. 857/2007 um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 566/2007 um breytingu á reglugerð um íblöndun bætiefna í matvæli nr. 526/2006
- Reglugerð nr. 560/2007 um fljótandi eldsneyti
- Reglugerð nr. 506/2007 um takmörkun efna í ökutækjum
- Reglugerð nr. 497/2005 um breytingu á reglugerð, nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands
- Reglugerð nr. 424/2007 um þalöt í leikföngum og öðrum vörum fyrir börn

- Reglugerð nr. 399/2007 um breytingu á reglugerð, nr. 624/2004 um fæðubótarefni
- Reglugerð nr. 395/2007 um breytingu á reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna
- Reglugerð nr. 353/2007 um breytingu á reglugerð nr. 757/2002 um sérþæði
- Reglugerð nr. 243/2007 um breytingu á reglugerð nr. 1101/2004, um markaðssetningu sæfiefna
- Reglugerð nr. 242/2007 um breytingu á reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002
- Reglugerð nr. 237/2007 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum
- Reglugerð nr. 236/2007 um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum nr. 736/2003
- Reglugerð nr. 158/2007 um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur
- Reglugerð nr. 55/2007 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 54/2007 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælu

## GJALDSKRÁR ÚTGEFNAR AF UMHVERFISRÁÐUNEYTINGU

- Gjaldskrá vegna refa- og minkaveiða
- Gjaldskrá vegna hreindýraveiða
- Gjaldskrá vegna heilbrigðisfulltrúanámskeiðs 2007
- Gjaldskrá vegna útgefna leyfa
- Gjaldskrá vegna mengunarvarnaeftirlits

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Starfsleyfi	2003	2004	2005	2006	2007
Fiskeldi	2		5	2	7
Fiskimjölsverksmiðjur	4	2	3		
Oliubirgðastöðvar	1		2	35	2
Álver	2		1		1
Brennslustöðvar			1	1	
Spilliefni			2		
Sorpurðun		4	2	5	2
Þorbrennsla	1	2		2	1
Útgáfa samræmdra starfsleyfisskilyrða	3	22	5	3	
Annað	5	2	1	1	
<b>Aðrar leyfisveitingar</b>					
Starfsréttindi - meindýraeyðar	22	24	35	20	36
Starfsréttindi - garðúðarar	15	19	7	6	19
Dýrahald í atvinnuskyni	18	25	28	32	
CITES			5	20	44
Varp dýpkunarefna	6	2	5	3	5
Heimildir til innflutnings matvæla		123	160	221	210
Leiðsögumenn með hreindýraveiðum	87		83	81	82
Undanþágur fyrir skotvopn vegna veiða erlendis	3	10	19	29	44
Undanþágur fyrir skotvopn vegna meindýraveiða	4	5	4	4	2
Leyfi til íblöndunar bættiefna			15	9	
Leyfi til notkunar fullyrðinga á umbúðum matvæla		7	7	6	14
Leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera			7	4	1
Leyfi til sleppingar erfðabreyttra lífvera			1		1
Útgefin veiðikort	8,507	7,72	10,459	10,032	10,211
Sýningarleyfi					25
Rekstrarleyfi					6
Leyfisveitingar					3
<b>Umsagnir</b>					
Skráningar og undanþágur varnarefna	50	40	67	50	18
Söluleyfi eiturefna og varnarefna	11	6	12	12	11
Umsögn um leyfi til að kaupa og nota varnarefni	42	32	60	51	44
Tímabundin undanþága frá hámarksgildum efna í neysluvatnsreglugerð			1		
Lagafrumvörp	20	20	26	28	26
Pingsályktunartillögur	12	5	5	8	10
<b>Reglugerðir</b>					
Matvæli	25	17	17	18	19
Umhverfi	13	14	18	8	10
Dýravernd og veiðistjórnun		2	2	2	
Náttúruvernd		1	5	1	
<b>EB-gerðir</b>					
Matvæli	40	39	19	22	
Umhverfi	22	13	8	21	23
Efnavara	24	28	22	16	38
<b>Grænt bókhald</b>					
Fjöldi fyrirtækja sem eiga að skila grænu bókhaldi	55	56	54	54	
Fjöldi fyrirtækja sem skila grænu bókhaldi á réttum tíma	0	11	5	10	
<b>Mat á umhverfisáhrifum</b>					
Tilkynningaskyldar framkvæmdir			54	39	33
Tillögur að matsáætlun			9	5	10
Frummatsskýrslur/matsskýrslur			5	8	5
Stjórnsýslukærur			7	5	8
<b>Upplýsinga- og staðreyndarit</b>					
		6	6	6	
<b>Fjöldi Raffs tilkynninga</b>					
	4286	5562	6897	6594	-
<b>Landvarsla</b>					
Landvarðavíkur	354	463	401	387	391
Landvörsluvíkur	934	1,196	1,202	1,404	-
Sjálfbærliðastarf	180	280	265	405	510
<b>Veiðistjórnun</b>					
Hreindýravóti	574	800	800	909	1137
Veidd hreindýr	741	735	754	906	1130
Umsóknir um hreindýraleyfi	741	1162	1659	1,922	2728



## STARFSMENN UMHVERFISSTOFNUNAR

Eftirtalið starfsfólk var við störf hjá stofnuninni við árslok 2007

### FORSTJÓRI

Elly Katrín Guðmundsdóttir

### FJÁRHAGS- OG REKSTARSVIÐ

Atli Þór Þorvaldsson, forstöðumaður

Inga G. Aradóttir

Kristbjörg Bjarnadóttir

Kristín Aðalsteinsdóttir

Kristín Ágústa Björnsdóttir

Magnea I. Kristinsdóttir

Stella Aðalsteinsdóttir

Svanhvít Bragadóttir

Þórey J. Pétursdóttir

Þórunn E. Karlsdóttir

### FRAMKVÆMDA- OG EFTIRLITSSVIÐ

Helgi Jensson, forstöðumaður

Birna Sigrún Hallsdóttir

Björn Stefánsson

Brynja Jóhannsdóttir

Cornelis Meyles

Gísli Jónsson

Gottskálf Friðgeirsson

Kristín Harðardóttir

Kristín S. Jónsdóttir

Niels Br. Jónsson

Sigurður B. Finnsson

Sigurrós Friðriksdóttir

Þorsteinn Jóhannsson

### MATVÆLASVIÐ

Elín Guðmundsdóttir, forstöðumaður

Baldvin Valgarðsson

Brynhildur Briem

Grímur Ólafsson

Helga Margrét Pálsdóttir

Herdís Guðjónsdóttir

Ingibjörg E. Árnadóttir

Jónína Prúður Stefánsdóttir

Zulema Sullca Porta

### NÁTTÚRUVERNDAR- OG ÚTIVISTARSVIÐ

Hjalti J. Guðmundsson, forstöðumaður

Charles Josef Goames

Elva Guðmundsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Guðríður Þorvarðardóttir

Guðrún Lára Pálmadóttir

Hafdís S. Roysdóttir

Helga Davids

Kári Kristjánsson

María Harðardóttir

Njörður Jónsson

Ólafur Arnar Jónsson

Regína Hreinsdóttir

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

Stefán Benediktsson

Trausti Baldursson

Þorsteinn Hymer

### STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Sigurbjörg Gísladóttir, forstöðumaður

Elín G. Guðmundsdóttir

Gunnlaug H. Einarsdóttir

Haukur R. Magnússon

Heiðrún Guðmundsdóttir

Kristján Geirsson

Sigríður Oddný Jansen

Sigríður Kristjánsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir

Þór Tómasson

### VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐ

Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður

Bjarni Pálsson

Edda Rögnvaldsdóttir

Einar Guðmann

Jóhann Guttormur Gunnarsson

Ólöf Harpa Jósefsdóttir

### SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Gunnar Steinn Jónsson

Hávar Sigurjónsson

Kristín Linda Árnadóttir

Sigrún Valgarðsdóttir

